

## LYKILUPPLÝSINGAR FYRIR FJÁRFESTA

Eaton Vance International (Ireland) Global Macro Fund („sjóðurinn“)

sjóðsdeild Eaton Vance International (Ireland) Funds plc („félagið“)

Class I Acc USD (IE00B5724T02) („hlutabréfaflokkurinn“)

Stýrt af MSIM Fund Management (Ireland) Limited („rekstraraðilinn“)

### Markmið og fjárfestingarstefna

Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að skila jákvæðri heildarávöxtun, við allar markaðsaðstæður, í formi tekna auk hækkunar eigna á hverju þriggja ára tímabili.

Sjóðurinn mun stýra eignum sínum með virkum hætti, þ.m.t. gjaldmiðlum og skuldabréfum opinberra aðila og fyrirtækja („skuldaskjölum“), og er hugsanlegt að þær samanstandi aðallega af fjármálaafleiðum. Skuldaskjöl eru verðbréf sem skuldbinda opinberan eða annan aðila sem gefur út verðbréfið („útgefandann“) til endurgreiðslu fjárhæðarinnar sem greidd er fyrir verðbréfið auk vaxta. Afleiður eru samningar og er virði þeirra tengt gjaldmiðli, vöxtum eða annarri eign, þ.m.t. efnislegum eignum eða hrávörum.

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta eingöngu í öðrum gjaldmiðlum en Bandaríkjadal eða í eignum sem tengjast nýmörkuðum (löndum sem teljast enn vera að þróast í átt að þróuðu hagkerfi) auk þess sem honum er heimilt að ráðstafa stórum hluta eigna sinna til fjárfestinga í einstökum löndum eða landsvæðum.

Sjóðnum er stýrt með virkum hætti með hlöðsjón af vísitölunni BofAML 3 Month Treasury Bills Index („vísitalan“). Ætlunin hjá sjóðnum er ekki að fylgja vísitölunni og hann er ekki bundinn af henni. Vísitalan er sett hér fram einungis

til samanburðar á ávöxtun en að jafnaði mun sjóðurinn ekki eiga neinar eignir sem eru þættir í vísitölunni.

Gjaldeyrissafleiðum verður einnig beitt í því skyni að stýra gjaldeyrissáhættu (eða til áhættuvarnar) þeirra flokka hlutdeildarskrifteina sjóðsins sem eru í evrum eða sterlingspundum, auk þess sem slíkum afleiðum kann að vera beitt til að stýra gjaldeyrissáhættu í tengslum við undirliggjandi fjárfestingar sjóðsins.

Allar tekjur af fjárfestingum bætast við eignir sjóðsins.

Unnt er að kaupa og selja hlutdeildarskrifteini í sjóðnum daglega á opnunartíma sjóðsins.

Vegna eðlis fjárfestinga sjóðsins getur viðskiptakostnaður eignasafnsins haft mikilvæg áhrif á ávöxtun hans samanborið við aðra sjóði. Slíkur viðskiptakostnaður verður greiddur af eignum sjóðsins.

Sjóðurinn kann að verða skuldsettur („gírur“) gegnum notkun á afleiðum, en slíkra skuldsetningu verður haldið innan leyfilegs hámarks og er henni ekki ætlað að auka áhættu eða sveiflur hjá sjóðnum.

Ráðlegging: Ekki er víst að þessi sjóður hæfi fjárfestum sem hyggjast taka fé sitt út úr sjóðnum innan 5 ára.

### Áhættu- og ávöxtunarlýsing

Minni áhætta

Meiri áhætta

← Yfirleitt minni ávöxtun → Yfirleitt meiri ávöxtun

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

Áhættumat þessa flokks hlutdeildarskrifteina er reiknað með hefðbundinni aðferð sem allir UCITS-verðbréfasjóðir nota og sýnir hvar flokkurinn stendur út frá hlutfallslegri áhættu hans (e. relative risk) og mögulegri ávöxtun á grundvelli fyrri verðsveiflna hlutdeildarskrifteina.

Þessi flokkur hlutdeildarskrifteina mælist í áhættuflokknum 4 vegna fyrri virðishækkana og -lækkana hans. Sjóðnum er einnig heimilt að ráðstafa stórum hluta eigna sinna til fjárfestinga í einstökum mörkuðum, landsvæðum eða gjaldmiðlum og því getur hann verið viðkvæmur fyrir afmörkuðum atburðum og þannig borið meiri áhættu með tímanum.

Óvist er að slíkar eldri upplýsingar gefi áreiðanlega vísbendingu um þróun hlutabréfaflokksins til framtíðar.

Ekki er hægt að ábyrgjast áhættumatíð og það getur breyst með tímanum. Lægsti áhættuflokkurinn þýðir ekki að fjárfestingin sé áhættulaus.

Ekki er víst að eftirfarandi áhættuþættir komi að fullu fram í áhættu- og ávöxtunarkvarðanum:

- Virði fjárfestinga og tekna af þeim getur lækkað jafnt sem hækkað og ekki er víst að fjárfestar fái fjárfestingu sína að fullu til baka.

- Skuldaskjölum fylgir sú áhætta að útgefandinn standi ekki við greiðsluskuldbindingar sínar. Sumum skuldaskjölum í eigu sjóðsins kann að fylgja aukin áhætta af þessu tagi og geta þau því talist til áhættufjárfestinga.
- Notkun á afleiðum krefst mikillar sérþekkingar og fjárfesting í afleiðum felur í sér spákaupmennsku. Tap af afleiðum getur orðið meira en fjárhæðin sem fjárfest er fyrir og haft neikvæð áhrif á fjárfestingu þína. Á meðal áhættuþátta í tengslum við afleiður er hættan á því að mótaðili sem sjóðurinn gerir afleiðsamning við standi ekki við greiðsluskuldbindingar sínar.
- Fjárfestingar í nýmarkaðsríkjum geta talist til spákaupmennsku, og því er hugsanlegt að slíkar fjárfestingar skili meiri hagnaði og tapi en fjárfestingar á þróuðum mörkuðum.
- Sú staða getur komið upp að kaupendur og seljendur séu ekki nægilega margir til að sjóðurinn eigi auðvelt með að kaupa og selja eignir.
- Margir einstaklingar koma að rekstri sjóðsins og rekstur hans byggir á ýmsum ferlum og kerfum, og þessir þættir geta brugðist og valdið því að tap verði á fjárfestingu þinni eða að sjóðurinn geti ekki endurheimt eignir sínar.
- Hugsanlegt er að sjóðurinn áhættuverji sig, eða áhættuverji sig ekki, gegn gjaldeyrissáhættu gagnvart Bandaríkjadal sem fylgir undirliggjandi fjárfestingum hans. Breytingar á gengi gjaldmiðla geta valdið sveiflum á virði fjárfestingar þinnar.
- Nánari lýsingu á áhættuþáttum er að finna í útboðslýsingu og í viðauka við útboðslýsingu sem gildir um sjóðinn.

## Gjöld

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til þess að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu. Þessi gjöld draga úr mögulegum vexti fjárfestingar þínar.


Einkisgjöld sem greiðast áður eða eftir að þú fjárfestir	
Upphafsgjald	Ekkert
Innlausnargjald	Ekkert
Þetta er það hámark sem kynni að verða dregið af fé þínu áður en fjárfest er/áður en afresturinn af fjárfestingu þinni er greiddur út.	
Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli	
Viðvarandi gjald	1,15 %
Gjöld sem eru dregin af sjóðnum við tiltekna aðstæður	
Árangursþóknun	Ekkert

Uppgefin gjöld við kaup og sölu eru hámarksfjárhæðir. Í sumum tilvikum kynni þú að greiða minna. Þú getur fengið nánari upplýsingar hjá fjárfestingarráðgjafa þínum.

Viðvarandi gjaldið miðast við útgjöld næstliðins árs fyrir árið sem lauk desember 2021. Þessi tala getur breyst frá ári til árs. Viðskiptakostnaður sjóðsins vegna eignasafns hans er ekki innifalinn í viðvarandi gjaldinu.

Nánari upplýsingar um gjöld er að finna í kaflanum „Þóknarir og útgjöld“ í útboðslýsingunni.

## Fyrri ávöxtun



Árangur í fortíð er ekki ávísun á árangur í framtíð.

Við framsetningu fyrri árangurs er tekið mið af öllum gjöldum og kostnaði, að undanskildum gjöldum við kaup og sölu hlutdeildarskírteina í sjóðnum.

Virði þessa hlutabréfaflokks er reiknað í Bandaríkjadöllum.

Sjóðurinn var stofnaður 6 maí 2010 og þessi hlutabréfaflokkur var stofnaður 6 maí 2010.

## Hagnýtar upplýsingar

Eignir sjóðsins eru geymdar hjá vörsluaðila hans, Citi Depository Services Ireland Designated Activity Company. Sjóðurinn er undirsjóður félagsins. Eignir þessa sjóðs eru aðskildar frá öðrum undirsjóðum félagsins. Þú getur selt hlutabréfum þínum fyrir hlutabréf í sama hlutabréfaflokki annars undirsjóðs félagsins ef sá undirsjóður býður sama hlutabréfaflokk. Tilteknir milliliðir eða miðlarar kunna að innheimta skiptaþóknun. Nánari upplýsingar er að finna í útboðslýsingunni (þ.á m. í viðeigandi viðauka).

Nánari upplýsingar um félagið, útboðslýsingar þess, árs- og árshlutareikningar þess og viðaukinn fást á ensku án endurgjalds. Sendið umsýjaraðilanum, Citibank Europe plc, bréf á skráða skrifstofu hans að 1 North Wall Quay, Dublin 1, Írlandi, eða heimsækið vefsíðu sjóðsins á slóðinni <http://www.eatonvance.com/ucitslegaldocuments>.

Upplýsingar um nýjustu starfskjarastefnu MSIM Fund Management (Ireland) Limited er að finna á slóðinni <http://www.eatonvance.com/ucitslegaldocuments>. Verði þess óskað verður pappírseintak starfskjarastefunnar gert aðgengilegt án gjaldtöku. Upplýsingar um síðustu hlutabréfaverð eru fáanlegar á skráðri skrifstofu umsýjaraðilans á almennum opnunartíma og þær verða birtar daglega á vefsíðu sjóðsins.

Sjóðurinn lýtur írskum skattalögum og -reglum, sem kann að hafa áhrif á fjárfestingu þína og skattalega stöðu þína. Vinsamlegast fáðu nánari upplýsingar hjá ráðgjafa þínum.

MSIM Fund Management (Ireland) Limited verður aðeins kallað til ábyrgðar vegna yfirlýsinga í skjali þessu sem eru villandi, ónákvæmar eða ekki í samræmi við viðeigandi hluta útboðslýsingar félagsins.

Sjóður þessi hefur hlotið staðfestingu á Írlandi og lýtur eftirliti Seðlabanka Írlands.

MSIM Fund Management (Ireland) Limited hefur starfsleyfi á Írlandi og lýtur eftirliti Seðlabanka Írlands.

Þessar lykluupplýsingar fyrir fjárfesta eru réttar m.v. 18 febrúar 2022.